

Uppbyggingarsjóður EES

2018

Frá árinu 2010 hefur Orkustofnun, að beiðni utanríkisráðuneytisins, haft aðkomu að og tekið þátt í verkefnum Uppbyggingarsjóðs EES í nokkrum löndum Austur og Suður Evrópu og er starfið kostað af sjóðnum, sem er hluti af EES samningnum. Vinna Orkustofnunar hefur verið í forni aðstoðar við mótun, framkvæmd, útboð og eftirlit áætlana á sviði endurnýjanlegrar orku í viðkomandi löndum.



Verkefni hafa aðallega verið í forni aðstoðar við uppbyggingu á hitaveitum, aðstoðar við útboð verkefna, eftirliti með framkvæmd, þekkingaruppbyggingar með námskeiðum og auknum samskiptum og tengslum með heimsóknum hópa frá Íslandi til þessara landa og hópa frá löndunum hingað til lands.

Mörgum verkefnum innan áætlunarinnar fyrir tímabilið 2009–2014, er að ljúka, en þau náðu til Asíreyja í Portúgal, Rúmeníu og Ungverjaland og komu fjölmörg íslensk fyrirtæki að þessum verkefnum.



Einnig hefur Orkustofnun í samvinnu við erlenda og innlenda aðila, unnið að tvíhliða verkefnum í forni úttekta og stefnumótunar í sjö borgum og bæjum í Rúmeníu, Póllandi og Króatíu, sem nýtast vel við undirbúning stærri fjárfestingar- og útboðsverkefna fyrir aðila á markaði. Skýrslur um þetta má sjá á heimasíðu Orkustofnunar. Í heildina tókust þessi verkefni vel og eru góður grunnur að enn frekari verkefnum fyrir íslensk fyrirtæki og stofnanir í næstu áætlun Uppbyggingarsjóðsins fyrir árin 2014–2021.



Nýtt tímabil Uppbyggingarsjóðs EES 2014–2021

Unnið hefur verið að undirbúningi fyrir nýtt tímabil Uppbyggingarsjóðs EES og hafa megin áherslur í samningnum verið staðfestar af utanríkisráðuneytum EES landanna og ráðuneytum viðkomandi landa s.s. Rúmeníu, Búlgaríu og Póllands, þar sem áhersla verður á endurnýjanlega orku, m.a. jarðhita, með svipuðum áherslum og var á síðasta tímabili. Samningar við fleiri lönd eru einnig í athugun. Stærsta breytingin frá fyrra tímabili er að Pólland bætist við á sviði endurnýjanlegrar orku og verður langstærsta landið á því sviði þar sem gert er ráð fyrir um 15 milljörðum kr. í verkefni í Póllandi á samningstímanum.

Sendiherra Íslands í Póllandi Martin Eyjólfsson, staðfesti samning við Pólland í desember 2017, ásamt Marit Berger Rosland, ráðherra EES og ESB mála í Noregi og Jerzy Kwiecinski ráðherra efnahagsþróunar í Póllandi.



Í framhaldinu verður unnið að nánari útfærslum

samkomulagsins. Undanfari þessa samnings er sá að frá 2016 hefur Orkustofnun unnið að tvíhliða verkefnum á sviði jarðhita um stöðumat og stefnumótun í fjórum borgum í Póllandi og eftir góðan árangur þessara verkefna var mikill áhugi á meira samstarfi við Ísland á þessu sviði.

Einnig hafa sendinefndir frá þessum fjórum borgum, ráðuneytum, stofnunum og háskólum í Póllandi komið til Íslands á árinu 2017, þar sem þau kynntu sér jarðhita á Íslandi og íslensk fyrirtæki gátu kynnt sína starfsemi. Nánari upplýsingar um EES verkefni má finna á vef Orkustofnunar. Ljóst er að mikil tækifæri eru á komandi árum á sviði jarðhitaverkefna sem tengjast Uppbyggingarsjóði EES.